

A close-up photograph of a woman's face, which is the central focus. She has light skin, blue eyes, and red lips. Her face is adorned with several flowers: a purple bell-shaped flower near her forehead, a blue bell-shaped flower near her eye, and two clusters of small pink flowers near her cheeks. The background is a dense field of green foliage and various flowers, including purple thistles and yellow flowers. The overall mood is fresh and natural.

LEIKFÉLAG AKUREYRAR OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT

NORÐURLANDS KYNNA VERÐLAUNASÖNGLEIKINN

Vorid vaknar

„SPRING AWAKENING”

Eftir Steven Slater og Duncan Sheik
Flutt með leyfi Nordiska APS Copenhagen

FRUMSÝNT Í SAMKOMUHÚSINU

31. JANÚAR 2020

ÁVARP LEIKHÚSSTJÓRA

Vorið vaknar er saga um vald og það hvernig valdleysi getur bugað manneskjuna þegar hún hefur ekki frelsi eða vit til að hlusta á sig sjálfa, spyrja spurninga eða tjá sína líðan. Og slík saga hlýtur að eiga erindi við manneskjuna.

Söngleikurinn Vorið vaknar er byggður á samnefndu leikriti eftir Frank Vedekind frá 1891 en leikritið er að hluta til sjálfsævisöguleg frásögn hans af því að alast upp í Þýskalandi um miðja 19. öld. Leikritið vakti strax mikla athygli fyrir djarfa nálgun en þótti svo ósiðlegt að það var ekki frumsýnt fyrr en árið 1906 í Berlín. Söngleikurinn, sem saminn er af Duncan Sheik og Steven Slater, var svo ekki frumsýndur fyrr en löngu síðar eða árið 2006 í New York. Í söngleiknum er haldin tryggð við línulega frásögn leikritsins en popptónlist bætt við sem tjáningaraðferð ungu leikararanna.

Þau brjótast út úr sínum kalda og harðneskjulega veruleika í söng og dansi líkt og þau væru stödd í nútímanum og tala þar um það óréttlæti og ofbeldi sem þau verða fyrir af hálfu hinna fullorðnu.

Verkið fjallar um unglunga á 19. öld sem líkt og vorið eru að vakna til vitundar um kynhvötina en vegna þess að þau fá aldrei að vita sannleikann um hvað þau eru í raun að ganga í gegnum og hvers vegna, skella þessar tilfinningar á þeim líkt og fellibylur. Innra með þeim kvikna hvatir sem þau þekkja ekki og vita ekki hvað þau eiga að gera við. Ástæðan fyrir fávískunni er sú samfélagsgerð sem þau búa við þar sem hinir fullorðnu þykjast hafa höndlað sannleikann; að kynlíf sé synd, maðurinn sé yfir konuna hafinn, líkamlegar refsingar séu æskilegar og að börn

eigi að hlýða í einu og öllu. Birtingarmynd ofbeldisins í Vorið vaknar er kynferðisleg þöggun svo hægt sé að viðhalda því kerfi feðraveldis sem byggt hefur verið upp í hundruði ára. Þetta afturhaldssama kerfi í nafni kristinna gilda hefur kannski liðið undir lok í vestrænum heimi en hvati kúgunar og ofbeldis er enn til staðar og þá yfirleitt í nafni einhverrar vissu um sannleikann, hins sterka yfir þeim veika. Fullorðið fólk 19. aldarinnar telur sig vera að breyta rétt þegar það neitar að upplýsa börnin um hvað er að gerast í líkama þeirra eða refsar þeim grimmilega fyrir að standa sig ekki í skóla. Það veit ekki betur því þetta er það eina sem það þekkir. En kúgunin hefur hörmulegar afleiðingar í samfélagi þar sem konur og börn eru fórnarlömbin.



ÞÓRDÍS BJÖRK ÞORFINNSDÓTTIR

WENDLA

Þórdís Björk Þorfinnsdóttir útskrifaðist úr leiklistarnámi Listaháskóla Íslands haustið 2019. Hún hefur starfað við tónlist, meðal annars með hljómsveit sinni Reykjavíkurdætur. Þórdís hefur talað inn á margar teiknimyndir og lék meðal annars Önnu í Frozen I og II og Poppy í Trolls.

JÚLÍ HEIÐAR HALLDÓRSSON

MELCHIOR


Júlí Heiðar útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2018. Hann hefur leikið í kvikmyndum og á sviði og starfað lengi sem dansari og tónlistarmaður.



RÚNAR KRISTINN RÚNARSSON

MORITZ

Rúnar Kristinn útskrifaðist úr söngleikjadeild Guildford School of Acting í Bretlandi þar sem hann hlaut McGrath skólastyrk og var valinn í elítusönghóp skólans. Hann hefur unnið í leikhúsum skemmtiferðaskipa, á sviði á Íslandi og í sjónvarpsþáttum.



ÞORSTEINN BACHMANN

ALLIR FULLORÐNIR MENN

Þorsteinn er án efa einn vinsælasti leikari landsins um þessar mundir. Hann hefur leikið í fjölda sjónvarpsþátta og kvikmynda á borð við Vonarstræti og Undir trénu og Agnes Joy.



EDDA BJÖRG EYJÓLFSDÓTTIR

ALLAR FULLORÐNAR KONUR

Edda Björg hefur lengi starfað hjá Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu sem og í ótal kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Edda Björg setti upp einleikinn Geðrof 4.48 og stofnaði, ásamt Mörtu Nordal, leikhópinn Aldrei óstelandi. Síðasta verkefni hennar var Elísabet drottning í Ríkharði III hjá Borgarleikhúsinu.

VIKTORÍA SIGURÐARDÓTTIR

MARTA

Viktoría Sigurðardóttir útskrifaðist sem leikkona frá London College of Music. Hún hefur leikið hjá Borgarleikhúsinu í söngleikjunum Rocky Horror og Matt-hildi. Í London hlaut hún The Griffiths Prize og The Andrew Lloyd Webber prize fyrir leiktúlkun í söng.



ÁRNI BEINTEINN ÁRNASON

HANSCHEN

Þótt Árni Beinteinn hafi útskrifast úr leiklistarnámi Listaháskóla Íslands fyrir aðeins rúmu ári hefur hann komið víða við. Sem barn lék hann á sviði bæði Borgarleikhússins og Þjóðleikhússins, talsetti teiknimyndir, lék í útvarpsleikritum, söng inn á plötur og kom fram í sjónvarpinu.

JÓNÍNA BJÖRT GUNNARSDÓTTIR

ILSE

Jónína Björt lærði við söngleikjadeild í New York Film Academy. Hún hefur starfað sem söngkona í gegnum árin og verður til að mynda með tónleika í febrúar í Hofi, „Það þarf alltaf smá klassík.“



AHD TAMIMI

ERNEST/REINHOLD

Ahd lærði leiklist við Royal Conservatoire of Scotland. Hann hefur leikið á sviði og í myndum og sjónvarpsþáttum víðsvegar um heiminn, mest í Bretlandi.

ARI ORRASON

GEORG/DIETER

Ari hefur leikið í uppsetningum LMA en Vorið vaknar er hans fyrsta hlutverk hjá atvinnuleikhúsi. Ari semur og gefur út tónlist undir eigin nafni.



EIK HARALDSDÓTTIR

ANNA

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Eik komið að fjölda leiksýninga. Hún tók til að mynda þátt í sýningunni Útfjör hjá LMA og Pílu Pínu í uppfærslu Menningarfélags Akureyrar.

BJARKLIND ÁSTA BRYNJÓLFSDÓTTIR

THEA

Bjarklind var aðeins sjö ára þegar hún lék í Óvitum í uppfærslu Leikfélags Akureyrar. Hún hefur leikið í nokkrum sýningum hjá LA og stefnir á að starfa sem leikkona í framtíðinni.





LISTRÆNIR STJÓRNENDUR

Leikstjórn | Marta Nordal

Marta tók við sem leikhússtjóri LA vorið 2018. Marta hefur starfað sem leikkona hjá Leikfélagi Akureyrar, Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu en undanfarin ár hefur hún einbeitt sér að leikstjórn. Hún stofnaði leikhópinn Aldrei óstelandi árið 2010, ásamt Eddu Björgu Eyjólfsdóttur. Hópurinn hefur framleitt sýningar á borð við Fjalla-Eyvind, Lúkas, Ofsa og Natan. Auk þess hefur Marta leikstýrt fjölda verka fyrir útvarp. Hún leikstýrði söngleiknum Rocky Horror, sem sýndur er í Borgarleikhúsinu, og Kabarett, sem sýndur var í Samkomuhúsinu á síðasta leikári. Marta er með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og BA gráðu í leiklist frá The Bristol Old Vic Theatre School. Hún hefur gegnt fjölda trúnaðarstarfa innan sviðslista, en hún sat meðal annars um langt skeið í stjórn Leikfélags Reykjavíkur og í stjórn Íslenska dansflokksins, auk þess sem hún var forseti Sviðslistasambands Íslands 2013–2017.

Tónlistarstjórn | Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, tónskáld, hefur lengi fengist við tónsmíðar og tónlistarstjórn í leikhúsum og kvikmyndum sem og á hljómplötum. Hann er stofnandi og lagahöfundur hljómsveitarinnar Todmobile og hefur gefið út með henni tíu hljómplötur. Hann hefur samið tónlist fyrir söngleiki eins og Ávaxtakörfuna, Benedikt búálf, Hafið bláa, Gosa, Gulleyjuna, Gallsteina Afa Gissa og Reimt auk þess að hafa stjórnað fjölmörgum söngleikjauppfærslum, þar á meðal Vesalingunum, Evitu, Rocky Horror, Kabarett, Hárinu og Spamalot. Hann hefur samið fjölda tónverka fyrir sinfóníuhljóm-sveitir og aðra hljóðfærahópa. Hann hefur tvívegis hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin og mörgum sinnum verið tilnefndur til Grímuverðlauna. Hann er núverandi framkvæmdastjóri Sinfóníuhljóm-sveitar Norðurlands, sem leikur undir í Vorið vaknar.

Leikmynd og búningar | Auður Ösp Guðmundsdóttir

Auður starfaði sem vöruhönnuður frá útskrift úr Listaháskólanum árið 2010 og allt til 2016, en þá söðlaði hún um og nam leikmynda- og búningahönnun við DAMU í Prag, sem er elsti leikmyndahönnunarskóli heims. Auður hefur verið viðloðandi Akureyri frá heimkomu en síðastliðið haust sá hún um leikmynd og búninga fyrir Kabarett og hlaut Grímutilnefningu í báðum flokkum. Í framhaldinu gerði hún leikmynd og búninga fyrir Mutter Courage, sem var samstarfsverkefni Listaháskóla Íslands, Leikfélags Akureyrar og Þjóðleikhússins. Á haustmánuðum hannaði hún útlit, búninga og gervi fyrir barnaverkið Galdragáttina, sem sýnt var í Samkomuhúsinu, og nú er komið að söngleiknum Vorið vaknar.

Danshöfundur | Lee Proud

Lee Proud er margverðlaunaður danshöfundur. Hér á landi hefur hann samið dansa fyrir Mary Poppins, Billy Elliot, Rocky Horror, Kabarett og Mamma Mía. Hann hefur unnið að uppsetningum á Broadway, í Sydney, Tokyo, Melbourne, Los Angeles og Chicago sem og víðsvegar um Evrópu.

Ljósahönnun | Ólafur Ágúst Stefánsson

Ólafur Ágúst Stefánsson er starfandi ljósahönnuður við Þjóðleikhúsið. Hann lærði ljósahönnun hjá Lárusi Björnssyni og hefur hannað lýsingu fyrir hátt í 60 leiksýningar, mest í Þjóðleikhúsinu en einnig fyrir sjálfstæða leikhópa og Leikfélag Akureyrar. Hann var tilnefndur til Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna fyrir Fyrirheitna landið, Vesalingana, Hleyptu þeim rétta inn og Horft frá brúnni. Einnig var hann tilnefndur til menningarverðlauna DV fyrir Horft frá brúnni.



**LISTRÆNIR
STJÓRNENDUR
OG TEYMIÐ**

Höfundar	Steven Slater og Duncan Sheik
Leikstjórn	Marta Nordal
Tónlistarstjórn	Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
Danshreyfingar	Lee Proud
Leikmynd og búningar	Auður Ösp Guðmundsdóttir
Ljósahönnun	Ólafur Ágúst Stefánsson
Hljóðmynd	Hafþór Karlsson
Þýðing	Salka Guðmundsdóttir
Sýningarstjórn	Þórunn Geirsdóttir
Hár og gervi	Harpa Birgisdóttir
Aðstoð við leikstjórn	Vala Fannell
Stjórn dansæfinga	Viktoría Sigurðardóttir
Aðstoðar búningarhönnuður	Björg Marta Gunnarsdóttir
Smink og búningavarsla	Soffía Margrét Hafþórsdóttir
Smíði leikmyndar	Hreiðarssynir ehf
Leikmyndavinna/smíði	Einar Rúnarsson
Sviðsvinna/smíði	Friðþjófur Ísfeld Sigurðsson
Keyrsla hljóðs á sýningum	Hafþór Karlsson og Árni F. Sigurðsson
Keyrsla ljósa á sýningum	Ólafur Göran og Þorsteinn Thorlacius
Fimleikaráðgjöf	Eva Björk Birgisdóttir
Leikmunagerð	Magnús Helgason
Búningavarsla og aðstoð á saumastofu	Nanna Guðmundsdóttir
Myndataka	Auðunn Níelsson
Auglýsingamyndbönd	Kristján Kristjánsson

HLJÓMSVEITIN

Fiðla og rafgítar:	Jaan Alavere
Víóla:	Sigrún Mary McCormick
Selló:	Ásdís Arnardóttir/Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir
Píanó og harmoníum:	Kjartan Valdimarsson/Phillip Doyle
Rafgítar og kassagítar:	Kristján Edelstein
Bassi:	Pálmi Gunnarsson
Trommur og slagverk:	Einar Scheving

Sérstakar þakkir fá

Þjóðleikhúsið
Hertex
Sesselja Fanneyjardóttir
Tereza Kociánová
Kjartan Ólafsson





FYRRI ÞÁTTUR

1. ATRIÐI

Wendla biður móður sína um að útskýra fyrir sér hvernig getnaður á sér stað.

2. ATRIÐI

Í skólastofu drengjanna segir Moritz Melchior vini sínum frá áhyggjum sínum vegna álags í náminu sem og blautum draumum sem hann hefur haft og valda honum miklum kvíða vegna viðhorfs samfélagsins til kynlífs. Melchior segir honum að þetta sé eðlilegt og býðst til að skrifa upp rit sem útskýrir málið.

3. ATRIÐI

Krakkarnir ræða og syngja um nýjar hugsanir og tilfinningar sem hafa gert vart við sig hjá þeim um kynlíf og hitt kynið eða sama kynið.

4. ATRIÐI

Moritz mætir heim til Melchiors og tjáir honum að kvíði hans hafi aukist til muna eftir að hafa lesið ritið frá Melchior. Hann og krakkarnir syngja um þrána til að snertast.

5. ATRIÐI

Melchior og Wendla hittast í skóginum þar sem tilfinningar kvikna á milli þeirra.

6. ATRIÐI

Moritz brýst inná skrifstofu skólameistara og kemst að því að hann hefur náð prófunum. Kennararnir leggja á ráðin um að fella hann engu að síður til að vernda orðspor skólans.

7. ATRIÐI

Marta trúir vinkonum sínum fyrir því að faðir hennar berji hana nánast daglega. Þær minnst örlaga Ilse, vinkonu þeirra sem var hent út af heimili sínu. Marta og Ilse syngja um kynferðislega misnotkun sem þær hafa mátt sæta heima við.

8. ATRIÐI

Wendla og Melchior hittast aftur og Wendla fær hann til að berja sig eins og faðir Mörtu gerir. Á sama tíma segja skólayfirvöld Moritz að hann sé fallinn og fái ekki að fara áfram upp um bekk.

9. ATRIÐI

Faðir Moritz kemst að því að hann er fallinn.

10. ATRIÐI

Moritz skrifar móður Melchiors bréf og biður hana um pening til að hjálpa sér að flýja til Ameríku. Hann segir henni að ef hann komist ekki í burtu muni hann neyðast til að svipta sig lífi.

11. ATRIÐI

Wendla og Melchior hittast á hlöðuloftinu heima hjá honum og stunda kynlíf í fyrsta sinn.



ANNAR ÞÁTTUR

1. ATRIÐI

Séra Kaulbach flytur erindi um syndir holdsins og krakkarnir syngja um sektina.

2. ATRIÐI

Moritz er í mikilli geðshræringu og hittir á gamla vinkonu sína, Ilse. Hún reynir að nálgast hann en hann hafnar henni. Þegar hún fer fremur hann sjálfsmorð.

3. ATRIÐI

Jarðarför Moritz.

4. ATRIÐI

Skólayfirvöld ræða áhrif sjálfsmorðs Moritz á orðspor skólans og hafa fundið sér blóraböggul í Melchior eftir að rit hans um kynlíf fannst í herbergi Moritz.

5. ATRIÐI

Ernst og Hanschen kanna tilfinningar sínar og þrár hvor til annars.

6. ATRIÐI

Eftir læknisheimsókn kemur í ljós að Wendla er með barni. Foreldrar Melchiors ákveða í kjölfar þess, sem og brottreksturs hans úr skóla, að senda hann á betrunarheimili.

7. ATRIÐI

Á betrunarheimilinu fær Melchior bréf frá Wendlu sem útskýrir að hún sé ófrísk. Móðir Wendlu sendir hana í fóstureyðingu.

8. OG 9. ATRIÐI

Melchior strýkur af betrunarheimilinu og skrifar vinkonum Wendlu og biður þær að segja henni að hitta sig í kirkjugarðinum. Þar kemst hann að því að Wendla lést í kjölfar fóstureyðingarinnar.

10. ATRIÐI

Lag „Í sumarblóma“ allir.







TÍMALÍNA

- 1891** Frank Vedekind semur leikritið Vorið vaknar.
- 1906** Leikritið Vorið vaknar frumsýnt í Deutches Teater í Berlín í leikstjórn Max Reinhardt.
- 2006** Söngleikurinn Vorið vaknar eftir Duncan Sheik og Steven Slater frumsýndur í Eugene O'Neill Theatre í New York með Lea Michele og Jonathan Groff í aðalhlutverkum.
- 2007** Söngleikurinn hlýtur átta Tony-verðlaun, þar á meðal sem söngleikur ársins og fyrir tónlist og handrit.
- 2008** Tónlistin úr söngleiknum hlýtur fern Grammy-verðlaun.

■ Síðan söngleikurinn var fyrst frumsýndur hefur hann verið settur upp út um allan heim og hlotið margar viðurkenningar og verðlaun.

TEXTI VIÐ LÖG

MAMMA / MAMA WHO BORE ME

Mamma sem ól mig – mamma sem gaf mér
í nesti engin ráð, ég er sár og leið.
Mamma, öll tárin – mamma, kór engla,
á himnum ókyrrð, í Betlehem.
Þau bíða þess öll að Kristur hússins vitji.
Þau kveikj'á kerti, sjá vonanna glóð.
Sumir liggj'í myrkri og kall'á hann til hjálpar.
En komi hann, þau liggja áfram sljó.
Mamma sem ól mig – mamma sem gaf mér
í nesti engin ráð, ég er sár og reið.
Mamma, öll tárin – mamma, kór engla,
á himnum ókyrrð, í Betlehem.

VITAÐ MÁL / ALL THAT'S KNOWN

Vitað mál
úr vísindum og sögu
lagt á bál
af fræðurum og feðrum.
Þú efast,
þau gelta á þig og gjamma –
og sama hvað þú segir,
það er allt svo ljótt og syndugt.
Sí og æ
þau skip'okkur að hlýða.

Þykjast vís
en stofna svo til stríða.
Ekki hugsa
en haltu fast um aurinn
og farðu eftir ritningunni, litli krakkamaurinn.
En ég veit
að meira bíður mín –
ef ég treysti eigin augum, ekki þeim.
Því ég veit
að hugur minn er skýr.
Finn svo sterkt, það er önnur leið ...
Viskuleit,
ég velti vöngum, læri.
Stjörnur les og himins landamæri.
Ég hrópa
og heiminn bið um færi
eins uppnuminn og ungbarn sem opnar augu tær.
Ég get það –
ég ætla –
ég hrópa
þau munu síðar sjá ...
Ég get það –
ég ætla –
ég hrópa,
ég hrópa,
þau munu síðar sjá ...

TUSSULÍFIÐ / THE BITCH OF LIVING

Guð, ég sá í draumi engil, hún kom flögrandi sem fugl
Og á formáli ég æpti: „Þetta líf er algjört rugl.
Viltu leysa mig úr fjötrum.“ Og hún söng með silfurróm.
Hún sagði: „Biddu spakur, ég fylli í þitt tóm.“
Sagði: „Réttu fram lófann, veit þig klæjar undir kvið,
ég skal kenna réttu tökin svo þú fáir einhvern frið.
Látum silfurgaldur gerast,
miðum gikknum upp í loft.
Ástin bjargar, ástin bætir,
þótt hún blindi reyndar oft.“
Meira tussulífið
að treyst' á eigin hönd,
ljóta tussulífið,
er tjóðraður í bönd.
Seint á kvöldin tek ég kastið,
klór'í sæng og veltist ber,
því eftir skóla bíða skalarnir
og skoran eftir mér.
Samt er tónlist eina athöfnin
sem ekk'er algjör nauð.
Þessi brjóst! Ó, góði Guð,
gefðu mér eplin rauð.
Meira tussulífið,
svo tilgangslaust það er.
Ljóta tussulífið,

til hvers er ég hér?
Finnst þeim þetta sanngjarnt?
Ah – hver veit?
Fer í sturt'í strákaklefa ...
Sit og star'á Bobby Schof – (Sjóf)
Þessi lær'í þessu ljósi ...
Allt mitt líf er eitt stórt próf.
Svo er Britta Lisa Bauer
horfir beint í gegnum mig.
Ef fellur eins og flís við rass
nærð fleirum undir þig.
Meira tussulífið
að týna sjálfum sér.
Ljóta tussulífið
að trú'á ekkert hér.

Meira tussulífið Ég get það --
svo teprulegt og þreytt. Ég ætla --
Ljóta tussulífið – Ég hrópa,
og dag einn ... allir sjá ...
að takast aldrei neitt.
Meira tussulífið --
að finna enga ró.
Ljóta tussulífið --
á þetta að heita nóg?
Er þetta nóg?
Nei, ekki nóg!
Djöfuls tussulíf!

FIXIÐ MITT / MY JUNK

Hér er eyðilegt lífið, og allt er svo flatt,
eitt þó sem gleður – þegar þú gengur hjá.

Smá líkt því að elskast – sorglegt en satt.
Svolítið leim, svon'er smábæjarlíf.
Ég fæ þig á heilann, er heilluð af þér –
er stöðugt að hugsa hvar þú sért, farinn hvert?
Ég veit þett'er orðin algjör árátt'í mér
En hver þarf sitt fix, þú ert fixið mitt!
Göngum saman eftir stórhriðarbyl.
Í lofti er frost, en hjá þér finn ég yl.
Við stönsum snjóblind – það er mín trú,
en hver þarf sitt fix, og mitt fix ert þú.
Ég veit það er saurugt, ég veit það er ljótt,
það villtast' og grófasta kveikir í mér.
Ég fer einn upp til mín, set á vel valið lag,
víman af þér gegnum æðarnar fer.
Ég halla mér aftur, fer óðar'á flug,
læt spennuna hríslast um líkam'og hug.
Ég vanræki skyldur, er vel út úr kú.
En hver þarf sitt fix, og mitt fix ert þú.
Þó að þú sért farin(n) ertu samt hér,
ég kjafta við þig, hér í kjöltunn'á mér.
Við endum öll blind – kirkjunnar trú
því að hver þarf sitt fix, og mitt fix ert þú.
Ó, nú stöðvast tíminn, einn tveir og nú --
en hver þarf sitt fix, og mitt fix ert þú.
Mitt fix ert þú.
Þú – þú – þú.

SNERTUMST / TOUCH ME

Er ég fer – mun ég finna
fjarlæg ævintýralönd –
stekk um borð í bátinn minn.
Þá blístrar vindur, laðar okkur að strönd ...

Er ég fer – mun ég frelsast,
ekkert fjas og engin bönd –
Heyri söng af vörum þér,
þín sálarspeki okkur fleytir að strönd.
Snertumst – snertu mig.
Þarna – ó, já – himnasæla.
Mér líður vel.
Þett'er svo gott.
Enn neðar, takk – fikjulaufin ...
Er ég fer, okkur fylgir
aldrei frammar skuggans hönd.
Bara við og votur koss,
og ekkert vantar er við berumst að strönd ...
Er ég fer, engar flækjur,
táraflóð né sorgarbönd.
Anda inn og út með þér,
og gleymdar óskir skolast burtu, að strönd.
Snertumst – orðalaust.
Segðu að – allt fyrirgefist.
Taktu við mér.
Takt'yfir mig.
Við fljótum í – syndaflóði –
Snertumst --
-- og finnumst.
Já, einmitt hér – ó, himnasæla.
Ó, elsku rós. Ó, elsku ljós.
Nú fetum við – syndaslóðir.
Snertumst – snertu mig.
Við berumst með – syndaflóði ...
Elskumst – bar' í smástund...
Við villumst í – vindsins hljóði ...
Vindsins hljóði ...
Vindsins hljóði ...

HEYRIRÐU / THE WORD OF YOUR BODY

Allt er svo undarlegt.
Orðin, þau fall'af vörum mér ...
Eltist við stelpu með rökfærslum!
Heyrirðu ei hvers holdið þig biður?
Finn ekki neitt – lýg því.
Fálm'eftir perlum með fingrunum ...
Hikandi seilist í hennar hönd.
Heyrirðu ei hvers hugur minn biður?
Ó, þú munt mig særa.
Ó, og ég verð sárið þitt.
Ó, ég mun þig æra.
Ó, þú verður örið mitt.
Allt er svo undarlegt.
Sé veröld hans í lófa mér ...
Lætur þig dreyma um ástarleik.
Heyrirðu ei hvers hjarta mitt biður?
Ó, en þú munt mig særa.
Ó, og ég verð sárið þitt.
Ó, ég mun þig æra.
Ó, þú verður örið mitt.

ÞEKKI MYRKRID OF VEL / THE DARK I KNOW WELL

„Háttatími,“ heyrir sagt.
Mamma brosir skakkt.
Hún hefur aldrei séð mig.
Hún hefur aldrei séð mig ...
Svo ég fer, leit'að felustað.
Veit í hjartastað:
Ég kemst ekki undan.

Ég kemst ekki undan ...

Þú læst aðeins vilja pabbakoss á kinn.

En þú kreistir fast og hvíslar: „Þetta er vilji Guðs.

Bara þú og ég.

Fallega stelpa.“

„Ó, svo gott að elskast – hvílikt unaðskvöld.

É'r rétt að byrja, bráðum tekur sælan völd.

Bara þú og ég.

Fallega stelpa.“

Ég ligg hljóð. Veit hvað þett'er ljótt.

Vil það klárast fljótt.

Ég and'út og inn.

And'út og inn ...

Vil finna styrkinn,

vil að þau viti það öll

að þig dreymir um mig.

Fallega stelpu.

Fallega stelpu ...

Þú læst aðeins vilja pabbakoss á kinn.

En þú kreistir fast og hvíslar: „Þetta er vilji Guðs.

Bara þú og ég.

Fallega stelpa.“

„Ó, svo gott að elskast – hvílikt unaðskvöld.

É'r rétt að byrja, bráðum tekur sælan völd.

Bara þú og ég.

Fallega stelpa.“

Það er eitt sem ég fel ...

þekki myrkrið of vel.

Það er eitt sem ég fel ...

þekki myrkrið of vel.

Það er eitt sem ég fel ...

þekki myrkrið of vel.

Það er eitt sem ég fel ...

þekki myrkrið of vel.

SVO SEGI ÉG STOPP / AND THEN THERE WERE NONE

Aha, aha, aha ... þá það.

Til hvers að setja orð á blað?

Ég hélt að þú mér reyndist trú,

heimskuleg og vond var hugmynd sú.

Ó, sorri, að ég hafi spurt.

Smá kass, þá get ég hunskast burt.

Æ, gerðu það, viltu hjálpa mér?

Skilurðu mig? Þú veist hver staðan er.

Æ, hvílikt djók og hvílikt drull.

Þú spyrð en færð svo eintómt bull.

Þú brotlendir í bráð – en seg mér meir.

Ókei, nú ferð' í þennan leik.

Þykist ástrík, þvílikt feik.

Fær mamma bréf? Ó, ókei. Þannig fór um það.

Ég á mér ekki lengur stað

heima fyrir, hvað með það?

Ef ég hverf, þau segja – Ó, hver veit?

Hver veit? Hver veit?

Aha, aha, aha ... þá það.

Til hvers að setja orð á blað?

Ég hélt að þú mér reyndist trú.

Ókei, er ekkert breytt?

Nú lýgur þú.

Hvílikt djók, ó, hvílikt drull.

Þú spyrð en færð svo eintómt bull.

Þú brotlendir í bráð.

En seg mér meir.

Þú bognar, brotnar loks í spað.

Vilt flýj'en finnur engan stað.

Langar helst að lok'og læs'að þér.

Æ, fokk itt – þett'er nóg, ójá.

Held áfram ferð, en – bara smá.

Einn dagur enn sem skitaflopp –

svo segi ég stopp.

Svo segi ég stopp ...

Svo segi ég stopp ...

Svo segi ég stopp ...

SPEGILBLÁ NÓTT / MIRROR-BLUE NIGHT

Klikk – kveiktu ljós, og allt verður gott.

Varir burt, tunga burt, augu burt, hverfa frá.

Blár engill án klæða, sem kikir á þig,

hverfur fljótt inn í húm, nú er nótt spegilblá.

En ég finn hvergi skjól fyrir skjálfandi bein.

Er skældur og sljór – bæði maður og barn.

Sit hér aleinn með vofu sem kól víst í hel.

Sé vegg lokast um mína harðlæstu sál.

Þessi hvíslandi rödd og kuld'inn í merg,

mun hverfa þér frá er á rofann er ýtt.

Þú fálmar um vegginn með flöktandi hönd

og þú fellir af huga þér spegilblá bönd.

Fyrir vofunni finn ég þó alls engan frið,

er frosinn í gegn – bæði maður og barn.

Og ég kemst ekki út, og kemst ekki inn,

um gaddfreðna skrána að harðlæstri sál.

TRÚI ÞVÍ / I BELIEVE

Trúi því,
trúi því,
trúi því,
ég trúi því
(að) öllum fyrirgefist – trúi því.
Trúi því,
trúi því,
ég trúi því
(að) ástin lifi á himnum – trúi því.
Trúi því,
trúi því,
ég trúi því
(að) ástin lifi á himnum.
Að öllum fyrirgefist.
Að ástin lifi á himnum.
Að öllum fyrirgefist.
Trúi því ...
að ástin lifi á himnum.
Trúi því...
Að öllum fyrirgefist.
Trúi því...
að ástin lifi á himnum.
Trúi því...
Að öllum fyrirgefist.
Trúi því...
að ástin lifi á himnum. Friður sé með ykkur ...

Trúi því...
Að öllum fyrirgefist.
Trúi því...
að ástin lifi á himnum. Samhljómur og viska...
Trúi því...
Að öllum fyrirgefist.
Friður sé með ykkur,
Samhljómur og viska

SEKTIN SMÝGUR

Eitthvað galið fæddist –
framand' og ljúft.
Eitthvað sem geymt er
á götunni eitt.
Þráir eigin samastað ...
En hver skilur draumfarir?
Vektu mig fljótt inn í tómleikans dag.
Og hver skilur okkur sjálf?
Þetta er draumanna galdur ...
Sektin smýgur inn í okkar hold,
snertumst
og glæðum allt lit.
Stíllt er nótt,
ó, er við
hröpum tvö af himni hljóð.
Og hvíslum svo draumsilfrað svar ... vo-o-o-o ...
Ég held það. Já.
Púlsinn sveiflast hærra –
slæst til og frá.
Gáir á glugga,
vilt skyggast og rýna

í eigið glænýja sjálf.
En hver skilur draumfarir?
Vektu mig fljótt inn í útlagans dag.
Og hver skilur okkur sjálf?...
Þetta er draumanna valdur ...
Og sektin smýgur inn í okkar hold --
snertumst,
hvern dag, hverja stund.
Djúpt og dimmt
hjartans mál
skal berast frá himnanna kór.
Og hvíslum svo draumsilfrað svar...
Vo-o-o-o ...
Og sektin smýgur inn í okkar hold ...
snertumst
og glæðum allt lit.
Stíllt er nótt,
ó, er við
hröpum tvö af himni hljóð.
Og hvíslum svo draumsilfrað svar ... vo-o-o-o ...
Og sektin smýgur inn í okkar hold –
Stopp. Stopp. Stopp.

ÉG STRÆKA Á DEPURÐ / DON'T DO SADNESS

Fallegt líf að vera lítið fiðrildi.
Að flögra til og frá, en ekkert umfram það.
Ekkert innra með þér aumt og tryllt – þú veist –
við árbakkann þú dólar þér, þú finnur sælan stað ...
Svo væri svalt að vera léttur sumarblær
Að svífa eitt sinn hjá, og halda áfram leið.
Finn'í munninn endalaust moldarbragð

en merkj'enga sorg, né depurð – þér er leiðin greið.
Því þú veist – ég stræk'á depurð – ég vil ekkert væl og vol.
Ég er búinn með allt slíkt – hef alls engan áhuga.
Ég stræk'á depurð.
Nenni ekki meir, lít um öxl, rifja upp – alveg sturlað rugl.
Ég stræk'á depurð – inní mér.
Enga depurð. Ekki hér.

VOR OG SUMAR / BLUE WIND

Vor og sumar,
dagur eltir dag.
Tregafullan gust
sé ég strjúka græn tún,
heysátur,
opnar bækur á flöt ...
Vor og sumar.
Svo kemur haustið,
vindurinn læðist
hrollkalt upp hrygginn.
Hvíslar í eyra.
Færir höfnun, færir sorgir,
vetrarvinds gnauðandi gól.
Vor og sumar,
dagur eltir dag.
Harmisleginn gust
sé ég strjúka gul tún,
heysátur,
snögga rigningarskúr ...
Vor og sumar ...
En sniðugt væri kannsk' að gerast snúrustaur.
bera snjóhvít föt, og sveiflast til og frá.
Bara blakta í síðdegissólinni,

þar til, sjá – þau kom'að frelsa þig, í tæru tunglsljósi.
Því þú veist -- Vor og sumar
ég stræk'á depurð -- ég vil ekkert væl og vol dagur eltir dag.
Ég er búinn með allt slíkt – Áttavilltan gust
hef alls engan áhuga. sé ég strjúka græn tún,
Ég stræk'á depurð. heysátur --
Nenni ekki meir, lít um öxl, rifja upp -- Vor og sumar,
alveg sturlað rugl. dagur eltir dag.
Áttavilltan gust
Ég stræk'á depurð. sé ég strjúka græn tún,
heysátur --
Inn'í mér. rykug vegarins ský ...
Enga depurð. Ekki hér. Vor og sumar ...

ÞAÐ SEM ALDREI VARÐ / LEFT BEHIND

þú lokar opnum lófum hans
og lyftir höku blítt.
Vorur augu þín blind, var harka þín synd?
Að snert'ann aftur þráir þú,
og þrýsta fast að þér.
En þú leggur krans, lokar augum hans.
Hér skuggi var. Hér skuggi fór.
Þráði, þráði tryggan stað – svo fór um það.
Eftir – er aðeins það sem aldrei varð,
aðeins það sem mamma sáði í hans garð,
og pabba von um visk' og vöxt.
O - o - o - o - o - o -
Þú harmar ósögð orðin, frí sem ei var farið í.
Allt sem átt' að gera – er yrð'ann stór.
Og tárin sem flóðu og þú furðaðir þig á.
Aldrei huggun veitt. „Reynd'að herða þig smá.“
Hér skuggi var. Hér skuggi fór.

Þráði, þráði tryggan stað – svo fór um það.
Eftir – er aðeins það sem dreymdi hann,
aðeins mömmu ráð og hennar boð og bann,
og pabba von um þrosk' og vöxt.
Eftir – er aðeins það sem úr því varð,
óttinn sem hann hreldi,
flökt'um huga hans.
Öll sú depurð sem
svo djúpt sig gróf.
O - o - o - o - o - o --
O - o - o - o - o - o ...
O - o - o - o - o - o ...
Hér skuggi var. Hér skuggi fór.
Þráði, þráði tryggan stað – svo fór um það.
Og hér sveima vofur þess
sem aldrei varð ...
Hér sveima vofur þess
sem aldrei varð...
Hér sveima vofur þess sem aldrei varð ...
O-o ...

Ó, FOKK / TOTALLY FUCKED

Það er úti um þig – ó, fokk –
þessi fullvissa er ískalt sjökk.
Þú ert skák og mát, já, skítamál.
Finnur skuggans tak á þinni sál.
Það sem kallar samt fram kuldahroll
er þetta kreisi sjitt sem biður þín.
Þótt þú segir þeim: Hey, ég er saklaus.
Þeim sama er – þau kremja maura upp á grín.
Þú ert fokkd ef þú bara frýst.
Skalt forðast þögn og stífan skrokk.

Þó er verra að vera með kjaft,
en þú veist, aha, ó fökk.
Þett'er búið spil – ó, vittu til.
Þessir vargar ætl'að rústa þér.
Óstjórnlengt fökk. Ganga þau í skrokk?
Það er engin miskunn hér.
Blaa blaa blaa blaa blaa blaa blaa...
Blaa blaa blaa blaa blaa blaa blaa...
Get ég gufað upp? Já, gáfuskref.
Eða grafið mig djúpt inn í lygavef.
Þar til finn ég ráð og forða mér.
Þar til frelsast ég undan þessum her.
Þett'er búið spil – ó, vittu til.
Þessir vargar ætl'að rústa þér.
Fullkomið fökk. Ganga þau í skrokk?
Það er engin miskunn hér.
Þett'er búið spil – ó, vittu til.
Þessir vargar ætl'að rústa þér.
Fullkomið fökk. Ganga þau í skrokk?
Það er engin miskunn hér.
Blaa blaa blaa blaa blaa blaa blaa blaa
Blaa blaa blaa blaa blaa,
Blaa blaa blaa blaa blaa blaa blaa blaa
Blaa blaa blaa blaa blaa ...
Blaa blaa blaa blaa blaa blaa blaa blaa
Blaa blaa blaa blaa blaa,
Blaa blaa blaa blaa blaa blaa blaa blaa
Blaa blaa blaa blaa blaa ...
Fullkomið fökk!

HEYRIRÐU / THE WORD OF YOUR BODY

Þin biður rjómakoss,
veröldin milli vara mér.
Leiktu við draumanna perluhnoss ...
Heyrirðu ei hvers holdið þig biður?
Ó, en þú munt mig særa.
Ó, og ég verð sárið þitt.
Ó, ég mun þig æra.
Ó, þú verður örið mitt ...
Ó, en þú munt mig særa.
Ó, og ég verð sárið þitt.
Ó, ég mun þig æra.
Ó, þú verður örið mitt...
Ó, en þú munt mig særa.
Ó, og ég verð sárið þitt.
Ó, þú munt mig æra.
Ó, og ég verð örið þitt...

HVÍSLANDI / WHISPERING

Hvislandi ...
líða vofur um rökkrið.
Sorgin dansar um hugann,
þeirra hold, þeirra bein.
Leitandi ...
reika sálir að nóttu.
Fálma hljóðar grófum höndum ...
Hér fá hjörtu engan frið.
Faðir harmisleginn er,
ber móðir sorgarklæði.
Prestur þungur

heldur þrumuræðu.
Nú ganga gróusögur ...
Ráðprota ...
Stelpan stal þeirra vonum.
Önnur braut var honum ætluð.
Hvílík skömm, hvílík synd.
Ráðgáta ...
Alein heima að kveldi.
Sigðarmáni hátt á himni.
Sumarlöngun lofti í ...
Hélt í fangi fyrstu ást,
svo uppnumin og áköf.
Snerti við mér,
hleypti ástinn'að mér.
Og þannig er mín saga.
Leitandi ...
eftir von, nýju lífi.
Nýrri fegurð, nýju færi.
Hér í rökkrinu hvíslað er ...
Vitað mál –
þig vinir horfnir styðja ...
Fallin sál
um samstöðu mun biðja.
Án þeirra
er allur heimur myrkur.
Uns rata þau til þín – þau verða stoð þin bæð'og styrkur.

THOSE YOU'VE KNOWN

Löskuð sál
sín sár mun áfram bera ...
Auðsótt mál
skal fyrirgefning vera.

Hlýdd'á hjartað:

Í skugga stjarna glæðist.

Á dimmri nóttu allt sem áður varst til baka læðist.

En þú veist þegar hvessir vindinn

að meira bíður þín – og kvíðinn

þú gengur sjálfur áfram, þig skekur

ei með þeim. standa vinir hjá þér

Og þú veist sem lifa,

þau herða huga þinn við lifum.

Segja skýrt: það er önnur leið.

Vitað mál

þig vinir horfnir styðja ...

Fallin sál

um söng þeirra mun biðja.

Þau hrópa,

um horfnar þrár og drauma.

Í tregans vindi hvísla þau er bláir skuggar krauma ...

Stend hér einn

en ákall þeirra ómar.

Máninn einn á myrkri nóttu ljómar

Í lofti

senn vorsins söngur hljómar –

og sumarvindur færir okkur áður óþekkt fræ ...

Þau hrópa --

þau kalla --

það dimmir

en ég gefst aldrei upp.

Ég get það,

ég ætla --

ég hrópa.

Mig dreymir ...

En þú veist þegar hvessir og blæs,

að meira bíður þín -- og kvíðinn,

þú eignast draum, þú eignast ást þig skekur --

á ný.

Því þú veist Trúi því ...

að hugur þinn er skýr

Finnur sterkt – þú ert ekki einn.

Nú við leggjum af stað, göngum hönd í hönd

veit í hjarta þau verða mér hjá.

Yfir vindanna strönd, yfir vetrarlönd,

syng ég von þeirra, drauma og þrá.

Ég hef þau hjá mér.

Hjá þér.

Ég kalla þau á,

Hjá þér.

held á lofti þeirra hug.

Hjá þér.

Hjá mér --

Hjá mér --

Í hjarta mér enn –

Og ég hef þau ávallt hér.

Ég hef þau ávallt hér.

Ég hef þau ávallt hér ...

Ég get það!

Ég ætla,

ég hrópa.

Ég hrópa –

þau munu síðar sjá ...

THE SONG OF PURPLE SUMMER

Hlustið á boðskap frá barnanna sál,

það býr margt stórt í litlum hug.

Litsterkar myndir, hjartans mál,

þú manst og ferð á flug:

Manst sorgir, manst angist, þinn áhyggjuflaum,

líkt og atrið'úr eldgömlum leik.

Ef við barninu fylgjum og finnum þess draum,

brátt fara vonir á kreik.

Einn langan dag

í ljúfum yl

í sól, í sumarblóma

syngur móðir barni lag.

Ný vögguljóð

nú líð'um slóð,

og undrin birta barni,

veröld opnast ný og góð.

Nú frjó er grund og græn,

ég gleðst, lit bjartan dag.

Hryssur hneggja,

og hlaupa folar til, ljúflingslag.

Og allir lifa undrið

í sumarblóma ...

Ég sit og bíð.

Senn fuglasöng

með spádómsorðum heyri –

um vorsins fögru tíð.

Út klekjast egg.

Upp spretta grös.

Grár himinn regni þrunginn – hið yngsta kemst á legg.

Nú frjó er grund og græn,

ég gleðst, lit bjartan dag.

Hryssur hneggja,

og hlaupa folar til, ljúflingslag.

Og allir lifa undrið --

ég mun syngja söng

í sumarblóma ...

Og allir lifa undrið --

ég mun syngja söng

í sumarblóma ...

Og allir lifa undrið

í sumarblóma ...



DJÁKNINN Á MYRKÁ

SAGAN SEM ALDREI VAR SÖGÐ

Hryllilegt gamanverk byggt á þekktustu draugasögu Íslandssögunnar.

20.-23. febrúar
kl. 20:00

AÐEINS ÞESSI EINA
SÝNINGAHELGI

MÍÐASALA Á MAK.IS

SAMKOMUHÚSINU AKUREYRI



SÝNINGIN ER SAMSTARFSVERKEFNI MIÐNÆTTIS
OG LEIKFÉLAGS AKUREYRAR

